

HEILSULEIKSKÓLINN FÍFUSALIR

Starfsáætlun fyrir skólaárið 2020 - 2021



Ágúst 2020

Ábyrgðarmaður: Erla Stefanía Magnúsdóttir, Leikskólastjóri

Efnisyfirlit

Um leikskólann	3
Gerð leikskólans	3
Námskrá – stefna – uppeldislegar áherslur	3
Aðlögun og útskrift	3
Skólastarfið – Aðalnámskrá leikskóla - námssvið leikskóla.....	4
Læsi og samskipti	4
Heilbrigði og vellíðan	4
Sjálfbærni og vísindi	5
Sköpun og menning	5
Lýðræði og jafnrétti	5
Dagskipulag deilda	6
Menningarviðburðir – ferðir - sýningar – hefðir og hátíðir.....	6
Kynning á leikskólanum	7
Starfsmenn.....	7
Starfsmannastefna.....	7
Áherslur í samstarfi.....	7
Fundir.....	8
Samsetning starfsmannahópsins	8
Sérkennsla.....	8
Foreldrasamstarf.....	9
Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu.....	9
Fræðsla og upplýsingar til foreldra	9
Foreldraráð	9
Foreldrafélag.....	10
Samstarf	10
Samstarf við grunnskóla.....	10
Samstarf við aðra	10
Mat og matsaðferðir	10
Mat á skólastarfinu.....	11
Nemendur	11
Heilsubókin	11
HLJÓM-2	11
EFI-2	11
Kennarar/starfsfólk.....	11
Foreldrar	12

Börn	12
Öryggismál	12
Öryggisnefnd.....	12
Áfallaráð.....	12
Mat á starfsáætlun 2019 – 2020	13
Starfsáætlun / umbótaáætlun skólaárið 2020 – 2021	20
Lokaorð	22
Umsögn foreldraráðs	23
Viðauki 1 - yngri deildir.....	24
Viðauki 2 - eldri deildir	25
Viðauki 3 - umbótaáætlun fyrir skólaárið 2020 - 2021	26
Viðauki 4 - símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2020 – 2021.....	31
Viðauki 5 - Skóladagatal fyrir skólaárið 2020 - 2021	32



Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólapróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Þar má finna upplýsingar fyrir starfsfólk, foreldra og rekstraraðila um það, hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verður að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta. Leikskólastarf er í sífelldri mótun og starfið tekur stöðugum breytingum og þróast í takt við þann hóp sem kemur að leikskólanum hverju sinni. Í leikskólanum er aðaláhersla lögð á lýðræði og gæði í samskiptum. Læsi á stóran þátt í starfi leikskólans ásamt ýmsum hefðum hans.

Um leikskólann

Gerð leikskólans

Heilsuleikskólinn Fífusalir er sex deilda leikskóli. Húsnæðið skiptist í tvo ganga sem eru með þrem deildum hvor, og miðrými með matsal, Leikvangi (íþróttasal) og Smiðju (sköpun).

- Eldri deildir leikskólans nefnast Hóll, Hlíð og Hæð
- Yngri deildir leikskólans nefnast Lind, Lækur og Laut

Námskrá – stefna – uppeldislegar áherslur

Á grunni aðalnámskrár leikskóla frá 2011 og námskrár leikskóla Kópavogs hafa kennarar Heilsuleikskólans Fífusala mótað sína skólanámskrá og var hún gefin út 16. nóvember 2011 og aftur í maí 2015. Unnið er samkvæmt lögum og reglum um leikskóla, námskrá leikskólans, heilsustefnunni og aldursskiptum námskrám Kópavogs. Náms sviðin eru fléttuð inn í leikinn, hópastarf og daglegt starf. Hópastarf inni á hverri deild er vikulega fyrir hvern hóp fyrir sig þar sem unnið er með skipulögð verkefni miðað við aldur og þroska barnanna.

Fagstjóri í íþróttum hefur íþróttakennaramenntun. Hann stýrir íþróttastarfinu sem er einu sinni í viku í íþróttasalnum þar sem unnið er með hópa af hverri deild fyrir sig. Mikil áhersla er lögð á hreyfingu og heilbrigði þar sem leikskólinn er heilsuleikskóli. Þá fylgir leikskólinn matseðli heilsuleikskóla þar sem næringarþarfir barnanna eru hafðar að leiðarljósi.

Fagstjóri stýrir listasmiðjunni. Börnin koma vikulega í litlum hópum og kynnast mismunandi efniviði sem örva sköpunargleðina. Einnig hefur fagstjórinn fært kennsluna út og farið í ýmsar vettvangsferðir.

Markmið í Fífusölum eru:

- Að börn læri sjálfstjórn og beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
- Að börn fái tækifæri til að læra í gegnum leik og eigin upplifanir.
- Að börn upplifi sig í lýðræðislegu samfélagi þar sem gleði, samhygð og vinátta er höfð að leiðarljósi.

Aðlögun og útskrift

Það aðlögunarform sem notast er við í leikskólanum nefnist þátttökuaðlögun. Börn og foreldrar eru saman í leikskólanum meðan á aðlögun stendur og taka þátt í öllu starfi leikskólans. Við það myndast traust milli foreldra og kennara og hefur reynslan sýnt að það traust yfirfærast á börnin. Öruggir foreldrar - Örugg börn!

Tekin verða inn 32 ný börn að vori og hausti 2020 og fara þau inn á fimm deildir leikskólans. Fundur fyrir nýja foreldra var í lok maí 2020, þar var stefna leikskólans kynnt og skrifað undir dvalarsamninga.

Aðlögun innan leikskólans fór fram í júní 2020, fyrstu dagana voru stuttar heimsóknir af Læk og Laut yfir á Hæð og Hlíð en eftir því sem leið á fóru þær að lengjast og þann 11. júní 2020 færðust þau alveg yfir. Það voru 25 börn sem færðust milli deilda að þessu sinni.

Útskrift úr leikskólanum fór fram 6. júní 2020. Hópurinn í ár voru 29 börn og gekk allt mjög vel. Dagskrá var hefðbundin á föstudagskvöldinu, ratleikur, pizzagerð, frjáls leikur og kósý yfir mynd fyrir svefninn. Börnin fengu að velja sér deild og kennara til að sofa hjá það voru allir komnir í ró um kl. 22.00. Um morguninn fóru allir út í Salaskóla þar sem hátíðleg útskriftarathöfn fór fram.

Skólastarfið – Aðalnámskrá leikskóla - námssvið leikskóla

Námssviðin eru sex og er unnið út frá þeim í öllu starfi leikskólans. Börn læra í leik og daglegu starfi í leikskólanum, innandyrna sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu. Námssviðin byggjast á skapandi og gagnrýnni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum í leikskólanum.

Læsi og samskipti

Læsi í leikskóla felur í sér að búa yfir þekkingu, leikni og hæfni til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Börn þurfa að kynnast tungumálinu og möguleikum þess sem og öðlast skilning á að ritað mál og að tákn hafi merkingu.

- Unnið er með samskipti í öllu skólastarfi
- Ritmál er sýnilegt
- Leikefni er merkt
- Samverustundir eru að minnsta kosti tvisvar á dag
- Málörvunarverkefni eru fyrir alla aldurshópa
- Leikskólinn hefur sett sér læsis stefnu
- Lestraráttak er í tengslum við afmæli Lubba

Heilbrigði og vellíðan

Börnin læra að tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður.

Umhyggja skipar stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að mynda góð og nán tengsl við börnin.

- Áhersla á hollt og næringarríkt fæði.
- Útivera að minnsta kosti einu sinni á dag.
- Farnar verði vettvangsferðir eins oft og hægt er.
- Markviss hreyfing í sal einu sinni í viku fyrir hvern hóp.
- Áhersla á góðar hreinlætisvenjur.

Sjálfbærni og vísindi

Markmið með sjálfbærni er að börn og starfsfólk geri sér grein fyrir því að þau vistspor sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig skiptir máli í nútíð og um alla framtíð. Lýðheilsa þar sem hver einstaklingur ber ábyrgð á sjálfum sér og sinni heilsu er hluti af sjálfbærni.

Mikilvægt er að kenna börnum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og skapa þeim tækifæri til að upplifa og njóta. Jafnframt ber að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða börn við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum.

- Börnin fái tækifæri og hvatningu til sjálfshjálpar.
- Flokka og nýta verðlausan efnivið.
- Hugsa vel um leikskólann úti og inni.

Sköpun og menning

Barnamenning er samofin öllu starfi leikskólans og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Sköpun í leikskóla á fyrst og fremst að beinast að sköpunarferlinu, gleðinni, tjáningunni, könnuninni og náminu, sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fær að njóta sín.

- Syngja og lesa á hverjum degi.
- Nota þulur, vísur og frásagnir í starfinu með börnunum.
- Nýta þau hljóðfæri sem eru til staðar.
- Nota fjölbreyttan efnivið í myndsköpun.
- Viðhalda íslenskri menningu með fjölbreyttum hætti.

Lýðræði og jafnrétti

Leikskóli er vettvangur þar sem leggja ber áherslu á gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag.

Í leikskóla eru foreldrar, kennarar og börn samstarfsaðilar. Í daglegu starfi leikskóla er lögð áhersla á að börn beri virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitssemi, umburðarlyndi og vináttu. Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýni og jafnréttis. Markmið með lýðræði í leikskólastarfi er að fá barnið til að hafa áhrif á starfið og að það finni, að á það sé hlustað. Barnið læri að bera ábyrgð á sjálfu sér og öðlist samkennd.

- Efniviður verði eins aðgengilegur börnum og mögulegt er í handhægum og merktum kössum
- Börnin geti valið hvaða lög eru sungin, hvað er lesið og fleira.
- Lögð er áhersla á að börnin læri að leysa ágreining og læri gildi góðra samskipta.
- Ýta undir að börnin séu virkir þátttakendur í skólastarfinu.
- Börnin meta starfið að vori.
- Foreldrar og starfsfólk fái tækifæri til að tjá sig um skólastarfið.

Dagskipulag deilda

Lind – Lækur - Laut

Kl. 07:30 - 08:00	Leikskólinn opnar – Tekið á móti börnum í matsal
Kl. 08:00 - 09:00	Allar deildir opna – Frjáls leikur
Kl. 08:15 - 08:45	Morgunverður
Kl. 09:00 - 09:15	Morgunhressing
Kl. 09:15 - 10:45	Hópastarf / útivera / samverustund
Kl. 10:45 - 11:15	Salernisferðir
Kl. 11:15 - 12:00	Hádegisverður
Kl. 12:00 - 12:30	Hvíld, róleg stund
Kl. 12:30 – 14:15	Frjáls rólegur leikur, útivera
Kl. 14:15 - 15:00	Síðdegishressing
Kl. 15:00 – 16:30	Frjáls leikur, útivera

Hæð – Hlíð - Hóll

Kl. 07:30 - 08:00	Leikskólinn opnar – Tekið á móti börnum í matsal
Kl. 08:00 - 09:00	Allar deildir opna – Frjáls leikur
Kl. 08:15 - 08:45	Morgunverður
Kl. 09:00 - 09:15	Morgunhressing
Kl. 09:15 - 11:00	Hópastarf / útivera / samverustund
Kl. 11:00 - 11:15	Salernisferðir
Kl. 11:15 - 13:00	Hádegisverður
Kl. 13:00 - 14:15	Frjáls leikur, útivera
Kl. 14:15 - 15:00	Síðdegishressing
Kl. 15:00 - 16:30	Frjáls leikur, útivera

Menningarviðburðir – ferðir - sýningar – hefðir og hátíðir

Ávaxta- og grænmetisdagur er einu sinni á hvorri önn

Heilsubókaskráning hefur verið gerð tvisvar á ári, í afmælistánuði barnsins og hálfu ári síðar. Elstu 2 árgangarnir fara í litlum hópum með tveimur kennurum í sund. Reynt er að fara tvisvar á haustönn og tvisvar á vorönn.

Boðið er upp á fimleikanámskeið í samvinnu við Gerplu fyrir elstu börnin á kostnað foreldra og fara þau einu sinni í viku í fylgd með kennurum allan veturinn.

Í Fífusölum er barnið í brennidepli á afmælisdaginn sinn. Barnið útbýr kórónu dagana á undan sem það fær síðan með sér heim á afmælisdaginn, barnið velur sér diskamottu, disk og glas til að hafa í hádegismatnum. Valinn er tími sem hentar til að syngja afmælisönginn og afmælisbarnið býður upp á popp, ávexti eða saltstangir.

Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur enda er það afmælisdagur leikskólans sem er fagnað með sameiginlegu furðufataballi og opnu flæði um leikskólann.

Í desember eru jólin undirbúin með piparkökubakstri, foreldrakaffi, litlu jölunum og heimsókn

frá Lindakirkju

Bóndadagurinn er haldinn hátíðlegur. Í hádeginu er þorramatur og sungin eru þorralög í samverustund.

Við tökum þátt í degi leikskólans, með opnu flæði milli deilda fyrir hádegis og gestakaffi eftir hádegis. Þá er foreldrum/forráðamönnum boðið í brauðbollur og pestó.

Bolludagur, sprengidagur og öskudagur eru hefðbundnir.

Sumarhátíð og heilsudagur eru sameiginlegir í júní. Sumarhátíðin er í samstarfi við foreldrafélagið. Þar er slegið upp fjöri (hoppukastalar) og grillaðar pylsur, þrautir og margt fleira.

Kynning á leikskólanum

Ýmsar leiðir eru notaðar til að kynna starf leikskólans. Þar má nefna dag leikskólans en undanfarin ár höfum við sent frá okkur myndband í tilefni dagsins, reiknað er með að það verði gert áfram. Heimasíðan er einnig notuð til að kynna leikskólann, bæði með myndum úr starfi hans og upplýsingum frá deildum einu sinni í viku. Kópavogsbær hefur látið fagaðila gera myndband um hvern leikskóla, sem birtist á samfélagsmiðlum og á heimasíðu leikskólans.

Áður en barn byrjar í leikskólanum fá foreldrarnir sendan heim kynningarbækling um starf leikskólans. Einnig er fundur fyrir foreldra nýrra barna áður en leikskóladvöl hefst. Á foreldrafundi að hausti er kynning á starfi leikskólans.

Starfsmenn

Starfsmannastefna

Hlutverk kennara felst meðal annars í því að vera jafningi barnanna, hluti af hópnum, kveikja áhuga þeirra og hvetja þau til að rannsaka sjálf viðfangsefni sín. Með því að spyrja þau opinna spurninga eins og hvað, hvernig og hvers vegna. Hann ber einnig ábyrgð á samskiptum innan barnahópsins og að skapa góðan samskiptaanda. Hann skal vera þeim góð fyrirmynd, leiðbeina þeim í samskiptum við aðra og höfða til skynsemi þeirra. Kennarinn skal leitast við að skapa lýðræðislegan anda innan barnahópsins í takt við þroska barnanna. Kennsluaðferðir eiga að vera vel undirbúnar, markvissar, skipulagðar, byggja á fyrri reynslu og áhuga barnanna. Umhverfið á að vera vel skipulagt og sniðið að þörfum þeirra til að ýta undir sjálfstæði og virkni. Uppeldisleg sýn okkar í Fífusölum er að skapa nemendum örvandi og uppbyggilegt námsumhverfi þar sem áhugi og virkni er drifkraftur í þekkingarleit þeirra.

Áherslur í samstarfi

Lögð er áhersla á að starfsmenn leikskólans vinni sem ein heild og er starfið skipulagt fyrir allan leikskólann í einu. Starfsmenn fá yfirleitt sameiginlega fræðslu. Fræðsla og umræða á skipulagsdögum er hluti af þeirri stefnu að auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsmanna. Starfsmönnum gefst kostur á að sækja námskeið er varðar leikskólastarf.

Móttökuáætlun er til staðar fyrir nýja starfsmenn og er þeim afhent til lestrar gögn sem

tengjast leikskólanum og starfi hans. Deildarstjóri sér um að kynna starfsmann fyrir deildinni, samstarfsfólki og leiðbeina honum áfram í starfi. Starfsmannasamtöl eru einu sinni á ári eða oftar ef þörf þykir. Þar gefst starfsmönnum tækifæri til að tjá sig um eigin frammistöðu en jafnframt er þetta tækifæri til samráðs og handleiðslu. Nýta þarf þau tækifæri sem upp koma til að upplýsa starfsmann um framgang hans.

Fundir

Starfsmannafundir eru nýttir til undirbúnings starfsins og/eða fræðslu.

Deildafundir eru haldnir að degi til þar sem rætt er um starfið, skipulagið og börnin. Það er á ábyrgð hvers deildarstjóra að finna fundartíma fyrir þessa fundi. Hver deild fær fund einu sinni í mánuði.

Deildastjórafundir eru að jafnaði haldnir einu sinni í viku. Þar eru rædd þau mál sem eru efst á baugi og jafnframt teknar ákvarðanir um starf næstu vikna.

Samráð er við sérkennslustjóra eftir þörfum.

Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri fara hver í sinn handleiðsluhóp nokkrum sinnum yfir árið. Í handleiðslu eru ýmis málefni rædd sem varða starfið. Markmiðið er að styrkja stjórnendur í starfi.

Samráðsfundir stuðningsfulltrúa eru haldnir með reglulegu millibili.

Teymisfundir vegna sérkennslumála eru haldnir eftir þörfum.

Samsetning starfsmannahópsins

Í leikskólanum Fífusölum er gert ráð fyrir 16 stöðugildum vegna barngilda og 5.72 stöðugildi vegna sérkennslu. Auk þess eru auka stöðugildi vegna veikinda og undirbúnings. Einnig er leikskólastjóri í 100% stöðu, staða sérkennslustjóra er 75% og staða aðstoðarleikskólastjóra er 40%. Starfsmenn í eldhúsi eru 2, báðir í 100% starfi. Deildarstjóri er yfirmaður hvernar deildar en starfsmenn vinna eftir starfslýsingu leikskólakennara.

Heildarstöðugildi leikskólans er 29.85.

Sérkennsla

Öll börn eiga rétt á því að fá kennslu við hæfi. Ef barn þarfnast sérstakrar aðstoðar er sett af stað verkferli sem felur í sér samstarf við foreldra. Framkvæmd sérkennslu er á ábyrgð sérkennslustjóra en stuðningsfulltrúar sinna henni undir handleiðslu sérkennslustjóra. Sérkennsla fer fram í einstaklingskennslu, hópkenndu, inni á deild og í útiveru. Þannig er henni fléttað inn í allt starf leikskólans eftir þörfum sérhvers barns. Markmið sérkennslunnar er að barnið geti notið leikskóladvalar sinnar, fái allan þann stuðning og örvun sem það þarf til þess að geta tekið virkan þátt. Teymi er í kringum alla nemendur sem sérkennslustjóri heldur utan um. Einstaklingsnámskrá er búin til að hausti í samráði við foreldra og aðra teymismeðlimi og er endurskoðuð á 6 - 8 vikna fresti.

Til að fylgjast með málþroska barnanna leggjum við fyrir mat á málþroska fyrir þau með sérstökum prófum, svo sem EFI-2 og HLJÓM-2. Sérkennslustjóri hefur sinnt börnum sem þurfa inngrip til styttri tíma, svo sem vegna hegðunar.

Foreldrasamstarf

Við viljum að allir foreldrar finni fyrir vingarlegu viðmóti og trausti. Samvinna foreldra og leikskóla þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu í opnum samskiptum. Upplýsingaflæði milli leikskóla og heimilis er mikilvægt og foreldrar eru alltaf velkomnir í leikskólann til að fylgjast með starfinu. Á hverri deild er skrifað um daglegt starf í dagbókarfærslu á heimasíðu og/eða sendir út tölvupóstar einu sinni í viku.

Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu

Mikilvægt er að foreldrar taki virkan þátt í starfi leikskólans og fylgist vel með því sem verið er að gera hverju sinni. Foreldrar bjóða sig fram til að starfa í foreldraráði og foreldrafélagi og hefur það alltaf gengið vel. Það aðlögunarform sem notast er við krefst þess frá foreldrum að þeir taki virkan þátt og kynnist leikskólastarfinu vel. Teljum við þetta mikilvæga mótunardaga hvað varðar traust og öryggi milli allra aðila. Foreldrum er boðið að koma á ákveðnar uppákomur í leikskólann. Allar þessar uppákomur eru vel sóttar og erum við foreldrum og þeim sem mæta mjög þakklát fyrir, því mikilvægt er að foreldrar gefi sér tíma til að sýna námi barna sinna áhuga.

Fræðsla og upplýsingar til foreldra

Mikilvægt er að foreldrar séu vel upplýstir um starf leikskólans og vinnu barna sinna. Nýjum foreldrum er sendur/afhentur bæklingur með upplýsingum um leikskólann og starfsemi hans. Kynningarfundur fyrir foreldra nýrra barna er ávallt í maí hvert ár. Deildarstjóri bíður upp á aðlögunarviðtal um það bil sex vikum eftir að aðlögun líkur. Foreldraviðtöl eru skipulögð einu sinni á ári, í afmælsmanuði barnsins, en foreldrar geta óskað eftir fleiri viðtölum ef þau vilja við deildastjóra. Einnig er hægt að fá viðtal við leikskólastjórnendur og sérkennslustjóra.

Algengast er þó að almennar upplýsingar fari fram í gegnum daglegt spjall í upphafi og lok dagsins. Haldnir eru fundir með foreldrum, kennurum, sérkennslustjóra og öðrum fagaðilum þegar þess er þörf.

Foreldraráð

Foreldraráð er starfandi í leikskólanum og fundar reglulega, um það bil einu sinni í mánuði en oftast ef þurfa þykir. Í því eru fjórir foreldrar, einn kennari og leikskólastjóri.

Fundargerðir foreldraráðsins eru birtar á heimasíðu leikskólans.

Markmið foreldraráðs er að styðja við starf leikskólans.

Foreldraráð kemur að faglegu starfi leikskólans, les meðal annars yfir árlega starfsáætlun og skrifar umsögn.

Verkefni foreldraráðs eru:

- að gefa umsagnir til leikskóla og leikskólanefndar um starfsáætlun, skólanámskrá, þróunarverkefni og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans.
- að fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana og kynningu þeirra fyrir foreldra
- að gefa umsagnir um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi í leikskólanum sem fundar einu sinni á ári, en þess á milli fara samskiptin að mestu leyti fram í gegnum tölvupóst og lokaðan facebook hóp stjórnar. Í stjórn eru sex foreldrar og fundi sitja þar að auki tveir kennarar sem tengiliðir leikskólans. Foreldrafélagið skipuleggur hina ýmsu viðburði í samstarfi við leikskólann.

Markmið foreldrafélagsins er:

- að efla samvinnu foreldra og kennara leikskólans.
- að efla samvinnu foreldra innbyrðis og til að tryggja hagsmuni barnanna.
- að taka þátt í ýmis konar starfsemi leikskólans og viðburðum.
- að hvetja foreldra til að taka virkan þátt í starfi leikskólans.

Samstarf

Samstarf við grunnskóla

Gagnkvæmar heimsóknir eru á milli leik- og grunnskóla frá janúar þar til í maí en þá fara foreldrar með börnin í tveggja daga vorskóla í Salaskóla.

Kennarar elstu barnanna í leikskólanum funda með kennurum á yngsta stigi ásamt aðstoðarskólastjóra Salaskóla. Einnig er farið í heimsókn í dægradvöl og leikið þar einn morgun.

Í byrjun júní fara elstu börnin í dægradvölinu og eru þar í fimm vikur fram að sumarfríslokun. Einn starfsmaður er til taks í upphafi, meðan á þarf að halda þegar börnin byrja í dægradvölinni í ágúst í Salaskóla.

Samstarf við aðra

Leikskólinn á í samstarfi við hina ýmsu aðila svo sem aðra leikskóla, starfsfólk menntasviðs Kópavogs og ýmsa utanaðkomandi sérfræðinga og birgja. Einnig er gott samstarf við Bókasafn Kópavogs, Lindasafn, Heilsugæsluna, Lindakirkju, Salalaug og Gerplu.

Mat og matsaðferðir

Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á skólastarfi er

tvíþætt: Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir og er kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta-og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.

Markmið mats er að auka þekkingu og skilning kennara og foreldra á þroska, námi og líðan barna. Matið á einnig að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða, aðalnámskrá leikskóla og að réttindi barna sé virt. Í leikskólanum er starfið í stöðugri þróun og þar á sér stað sífellt endurmat. Ýmsir matslistar eru notaðir til að meta starfið.

Mat á skólastarfinu

Nemendur

Notast er við ýmiskonar mats-aðferðir í Fífusölum, þar á meðal eftirfarandi aðferðir.

Heilsubókin

Við upphaf leikskólagöngunnar fær hvert barn Heilsubók barnsins. Í hana er skráð heilsufar, hæð og þyngd, félagsleg færni, úthald, almenn þekking (litir og form), næring, svefn og þróun í listsköpun (t.d. þróun teikninga). Skráð er tvisvar sinnum á ári, í afmælistánuði barnsins og hálfu ári síðar.

HLJÓM-2

HLJÓM-2 er lagt fyrir öll elstu börnin í Fífusölum, en það er íslensk, aldursbundin skimun í leikjaformi sem kannar hljóðkerfisvitund (hljóð- og málvitund) elstu barna leikskólans. Þættirnir (leikirnir) sem lagðir eru fyrir tengjast; rími, samstöfum, hljóðgreiningu, samsettum orðum, margræðum orðum, orðhlutaeyðingu og hljóðtengingu. Skimunin tekur u.þ.b. 20-30 mínútur (með hvert barn).

EFI-2

EFI-2 er lagt fyrir öll börn á fjórða ári í Fífusölum. EFI-2 er íslensk aldursbundin skimun í leikjaformi sem kannar málskilning og tjáningarfærni barnsins. Skimunin byggist á myndabók með sjö myndum sem barn og kennari skoða saman.

Kennarar/starfsfólk

Sérhannaður listi er sendur rafrænt til starfsfólks leikskólans annað hvert ár til að meta samstarf og samskipti. Starfsmannasamtöl fara fram árlega. Starfsfólkið endurmetur leikskólastarfið með ýmsum hætti t.d. eftir viðburði, með matslistum námsþátta, yfirlestur starfsáætlunar og gerð umbótaáætlunar.

Foreldrar

Foreldrar meta annað hvert ár starfsemi leikskólans. Spurningakönnun er þá send rafrænt til foreldra frá menntasviði Kópavogs. Niðurstöður gefa kennurum leikskólans góðar vísbendingar um það hvað foreldrar eru ánægðir með og hvað mætti betur fara í starfinu.

Börn

Börn leikskólans meta starfið að vori með spurningalista. Spurningar um upphalds mat, besta vininn, upphalds lagið, hvað er skemmtilegast ásamt fleiri spurningum eru lagðar fyrir börnin. Auk þess teikna þau mynd að eigin vali á matsblaðið. Matslistinn fer í ferilmöppuna þeirra sem þau fá við útskriftina sína. Matsblaðið er að finna í viðauka 3

Öryggismál

Í Fífusölum er starfandi öryggisnefnd sem hefur eftirlit með aðbúnaði barna og starfsmanna. Í öryggisnefnd situr aðstoðarleikskólastjóri og einn kennari.

Öryggisnefnd

Öryggisnefnd hefur eftirlit með aðbúnaði barna og starfsmanna og er í samstarfi við vinnueftirlitið og heilbrigðiseftirlitið. Í öryggisnefnd sitja aðstoðarleikskólastjóri og einn starfsmaður.

Á hverjum degi er farið yfir leiksvæði barnanna úti og kannað hvort allt sé í lagi. Nokkrum sinnum á ári eru brunabjöllurnar settar af stað og börnin læra að fara að næstu merktu útgönguleið og starfsfólkið æfist í að fara eftir brunaáætlun leikskólans. Starfsfólk leikskólans kemur ábendingum til öryggisnefndar ef úrbóta er þörf úti eða inni um leið og þeir verða þess varir. Öryggisnefnd bregst eins fljótt við og mögulegt er og hefur samband við þá aðila sem sjá um úrbætur. Heilsuleikskólinn Fífusalir skráir slys í gengum forritið atvik í samstarfi við VÍS. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, vinnueftirlitið, heilbrigðiseftirlitið og eftirlitsmaður lóða gera úttekt einu sinni á ári. Einnig eru öryggis lýsingar og slökkvitæki yfirfarin einu sinni á ári. Leikskólastjóri og yfirmaður fasteigna fá niðurstöður úttekta og bregðast við ef þörf þykir.

Áfallaráð

Í Fífusölum er starfandi áfallaráð í því sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildastjórar leikskólans.

Mat á starfsáætlun 2019 – 2020

Skólastarfið

Leikskólastarf var hefðbundið þetta skólaár, börnin fóru í listasmiðju og leikvang einu sinni í viku ásamt því sem það var skipulagt hópastarf á flestum deildum. Unnið var með Blæ og Lubba á nokkrum deildum og í kjölfarið á þeirri vinnu var ákveðið að vinna markvisst með námsefnið á öllum deildum á næsta skólaári.

Sundferðir og samstarf við Gerplu var að mestu leyti óbreytt miðað við þær fordæmalausur aðstæður sem voru þetta skólaár.

Reynt var að fara í vettvangsferð að lágmarki einu sinni í viku, bæði var farið stuttar og lengri ferðir.

Hefðir leikskólans höldust óbreyttar t.d. jóladagskrá, ávaxtadagar, öskudagurinn, sumarhátíðin og afmæli leikskólans.

Þróunar- og nýbreytnistarf

Starfið í leikskólanum er sífellt í þróun með tilliti til nýbreytni, þar má einna helst nefna Leikskólakerfið Valan en það var innleitt á síðasta skólaári og hefur það gengið ágætlega. Vefútgáfan hefur gengið vel en Völu appið (bæði kennara og foreldra) hefur marga vankanta. Rafræn heilsubók hefur ekki virkað sem skyldi, m.a. vegna persónuverndarlaga.

Á skipulagsdegi í lok skólaársins fór starfsmannahópurinn á námskeið á námsefninu Lubbi finnur málbein.

Unnið var markvisst á nokkrum deildum með vináttuverkefni Barnaheilla. Í kjölfarið á þeirri vinnu var ákveðið að vinna enn frekar með það.

Ákveðið var að breyta skipulagi í listasmiðju. Á þessu skólaári hættu fyrir fram ákveðnir hópar að fara saman í smiðju, heldur fengu börnin meira frelsi til að stjórna þeim tíma sem þau voru þar inni.

Aukin samvinna milli deilda sem eru með sömu árganga. Ákveðið var að fara markvisst í það á tveimur yngri deildunum að láta börnin tengjast sín á milli til að auðvelda sameiningu á eldri deildum.

Starfsmaður tók að sér að sauma fjölnota poka til þess að nota undir blaut og skítug föt til að senda heim. Þannig drógum við úr plastnotkun.

Snemmtæk íhlutun í málörvun

Leikskólinn tekur þátt í þróunarverkefni sem Kópavogsbær býður upp á í tengslum við snemmtæka íhlutun í málörvun. Vinnan felst í því að hver leikskóli útbýr handbók sem er aðgengileg fyrir alla og er leiðarvísir að því hvernig best er að koma til móts við börn leikskólans sem þurfa á aukinni þjálfun að halda í málörvun. Öll spil leikskólans hafa verið flokkuð eftir litakerfi og táknar hver litur ákveðin þátt sem þarf að þjálf. Til dæmis táknar blár setningafræði, rauður hljóðkerfisvitund og gulur almennan skilning. Þannig er verið að

auðvelda starfsmönnum leikskólans hvaða spil skal velja út frá þörfum barnsins. Stefnt er að því að skila inn fyrstu drögum af handbókinni í maí. Að henni koma leikskólastjóri, sérkennslustjóri og leikskólasérkennari sem sinnt hefur málörvun í leikskólanum.

Samsetning starfsmannahópsins

Síðasta starfsár, 2019 – 2020, voru 31,39 stöðugildi í leikskólanum, en þar af 6,51 stöðugildi vegna sérkennslu í 1. og 2. flokk. Í leikskólanum störfuðu auk stjórnenda, fjórir leikskólakennarar með deildastjórn en tveir deildastjórar leikskólans eru með aðra háskólamenntun. Starfsmannahópurinn er fjölbreyttur, þar má nefna íþróttakennara, þroskajálfa, leikskólaliða, viðskiptafræðing sem og almenna leiðbeinendur

Starfsreynsla kennara/starfsmanna Fífusala í leikskólastarfi

Starfsmannahópur Fífusala býr yfir mikilli reynslu af leikskólastarfi. Starfsmannavelta mætti vera minni en þó er alltaf fastur kjarni sem er með margra ára reynslu innan leikskólans. Auk þess er ágætis hópur sem starfar í leikskólanum með menntaskóla og margir af þeim sem taka sér námsfrí eftir stúdentspróf koma að vinna í fullu starfi.

Umbótaráætlun

Hún var unnin upp úr starfsmannakönnun frá Skólapúlslinum, niðurstöður starfsmanna úr spurningum sem stjórnendur lögðu fyrir að vori 2020 varðandi eigið starf. Matslista frá heilsusamtökunum og mati barna. Listum frá menntasviði varðandi sköpun og menningu. Spurningar voru lagðar fyrir foreldra varðandi aðlögun milli deilda. Einnig var umbótaráætlun frá 2019 - 2020 yfirfarin. Hana er að finna aftast í þessu skjali undir viðauki 3

Endur- og símenntunaráætlun

Endur- og símenntunaráætlun hefur verið gerð og eru þær að finna aftast í lok þessa skjals undir viðauki 4

Skipulagsdagar

Það voru fjórir skipulagsdagar á skólaárinu, tveir fyrir áramót og tveir eftir áramót.

20. september 2019 - Þann dag kom Hrefna Hugosdóttir með fyrirlestur um vellíðan í vinnu, það voru deildafundir, starfsmannafundur og kynning á snemmtæka íhlutunarverkefninu sem við erum í þetta skólaárið. Í lok dagsins var hópefli.

21. nóvember 2019 - Þá var lausleg kynning á námsefninu um Lubba, starfsmannafundur og tiltekt í leikskólanum

2. janúar 2020 - Þann dag var starfsmannafundur og deildafundir, farið yfir snemmtæka íhlutunarverkefnið og spilin okkar grandskoðuð. Einnig var hópefli í lok dags.

23. mars 2020 - Þessi dagur féll niður vegna Covid-19

22. maí 2020 - Þennan dag fóru fastráðnir starfsmenn á námskeið á námsefninu Lubbi finnur málbein en ætlunin er að innleiða kennsluefnið næsta haust. Þeir starfsmenn sem hætta um

sumarfrí voru í garðinum okkar að mála og gera fínt. Eftir hádegið var svo endurmat á starfinu á þessu stóruandarlega skólaári.

Námskeið og fyrirlestrar

Menntasvið bauð deildastjórum á námskeið hjá Þekkingarmiðlun "*að stjórna í leikskóla*".

Hrefna Hugosdóttir var með handleiðslu fyrir stjórnendateymi leikskólans á haustönninni.

Tveir starfsmenn sóttu nýliðanámskeið sem Kópavogsbær bauð upp á síðasta haust.

Næringarfræðingurinn Thelma Rún Rúnarsdóttir kom í leikskólann með fyrirlestur um mikilvægi næringar og bragðlaukaþjálfun.

Stjórnendateymi leikskólans fór á fyrirlestur á vegum Heilsustefnunnar um persónuvernd og næringu barna.

Sérkennslustjóri fór á réttindanámskeið fyrir HLJÓM-2 málþroskapróf.

Í janúar fóru tveir kennarar á BETT og Education Show í London.

Leikskólastjóri fór til Valencia í september ásamt Menntasviði Kópavogsbæjar og öðrum leikskólastjórum innan Kópavogs á námskeið hjá Kvan.

Tveir starfsmenn fóru á námskeið um vináttuverkefni Barnaheilla (Blæ bangsa)

Auk þess voru námskeið og fyrirlestrar á skipulagsdögum (sjá hér að framan).

Fundir utan leikskólans

Reglulegir leikskólastjórafundir hafa verið fram í mars en þá fóru þeir að vera rafrænir auk þess hafa fundir í Salaskóla sem og uppi á menntasviði

Þátttaka í rannsóknum

Læknanemar komu á vegum Landspítala Íslands til þess að taka sýni úr nefkoki barna fyrir rannsókn um Pheumókokka sýkingu

Börn

Í desember 2019 stunduðu 106 börn nám í Fífusölum

Dvalartímar dag hvern voru 871 og barngildin voru 127.34

Fjöldi stunda yfir daginn skiptist eftirfarandi:

7 klst - 2 börn

7,5 klst - 3 börn

8 klst - 54 börn

8,5 klst - 44 börn

9 klst - 3 börn

Aldursskipting eftir árum:

29 börn fædd árið 2014

31 barn fædd árið 2015

25 börn fædd árið 2016

11 börn fædd árið 2017

10 börn fædd árið 2018

Þjóðerni

10 börn eru tví- eða þrítyngd, 96 börn eru eingöngu með íslensku sem móðurmál.

Samstarf

Samstarf við Salaskóla var í minna lagi en oft áður vegna Covid-19. Féllu niður skipulagðar stundir sem áttu að vera sem og vorskólinn fyrir elstu börnin í vor. Aftur á móti fengu elstu börnin að fara á Fjölgreindarleikana í nóvember og vakti það mikla lukku meðal þeirra.

Nemar

Veturinn 2019-2020 var einn starfsmaður Fífusala í leikskólakennaranámi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sérkennslustjóri tók tvo nema að sér annars vegar nema í framhaldsnámi í leikskólaliða og hins vegar þroskaþjálfanema á 2. ári.

Mat síðastliðins starfsárs og niðurstöður

Mat starfsmanna

Á vorönn 2020 voru nokkrar spurningar lagðar fyrir starfsfólk. Starfsfólk var beðið um að meta sig varðandi hvað það gerir vel (varðandi heilsustefnuna) heilsustefnunni og hvað mætti gera betur. Eins var það beðið um að endurmeta nokkra viðburði á skólaárinu.

Það sem fólki fannst það gera vel var fjölbreytt og var eftirfarandi það sem stóð upp úr:

Starfsfólk er duglegt að koma börnunum í skapandi leiki, það sinnir hreyfingunni vel og fer oft í vettvangsferðir, fer oft út að leika, er jákvæð fyrirmynd og góð fyrirmynd við hinar ýmsu athafnir (t.d matur), hvetur þau til sjálfshjálpar og sjálfstæðis og ræðir um tilfinningar við börnin.

Það sem fólki fannst að það gæti gert betur var áhugavert og stóð eftirfarandi upp úr:

Starfsfólk mætti vera duglegri að láta börnin smakka matinn og tala jákvætt um matinn og hvetja til vatnsdrykkju. Einnig var minnst á útiveruna að það mætti vera duglegra í útiverunni að finna leiki og auka við hreyfingu þeirra á þann hátt sem og fara í fleiri vettvangsferðir. Einhverjir vilja vinna meira með erfiðar tilfinningar og skoða hreyfiproska þeirra betur. Skipulagsleysi kom upp sem og að kenna börnunum að vera vinir.

Endurmat á ákveðnum viðburðum gekk vel og virtust flestir vera mjög ánægðir með þá viðburði og þær breytingar sem fóru fram á skólaárinu. Þar má nefna að það að breyta úr snakki í rúsínur á öskudaginn var greinilega góð breyting. Allt sem tengdist jólnum gekk vel og var minnst á

að jólasveinninn hefði verið mjög skemmtilegur. Fjölskyldukaffið á Degi leikskólans gekk mjög vel, frábært að hafa eitt kaffi í stað tveggja og voru bollurnar og pestóið hennar Barböru mjög vinsælt. Elstu börnin fóru í Salaskóla og tóku þátt í Fjölgreindarleikunum þar í tilefni af eineltisdeginum og sló það í gegn hjá krökkunum í ár. Nýjar hefðir sköpuðust og má þar nefna lestrarátak Lubba sem gekk vonum framar sem og að börnin teikni mynd af mömmu og pabba og segi hvað er gaman að gera með þeim. Sundferðirnar eru skemmtilegar og góð viðbót við starfið okkar.

Aðrir hlutir gengu ekki jafn vel, t.d. finnst einhverjum náttföt á öskudegi orðið þreytt sem og að skipulag í kringum sumarhátíðina mætti vera betra.

Starfsmannasamtöl sem áttu að vera vorið 2020 var frestað vegna aðstæðna

Mat á niðurstöðum úr gátlista Heilsusamtakanna

Leikskólar innan heilsustefnunnar nota þennan gátlista og finnst okkur í Fífusölum mikilvægt að hafa hann með í okkar innra mati. Starfsmenn allra deilda fylltu út listann á deildafundum að vori.

Þessi gátlisti nær til ákveðinna þátta innan starfsins

- Lífsleikni (Leikurinn, Samskipti og Líðan)
- Næring og sjálfshjálp (Næring, Svefn, Sjálfshjálp)
- Sköpun
- Hreyfing
- Skráningar

Fjórir möguleikar voru í boði; alltaf, oft, stundum og aldrei. Við vorum með flest atriði alltaf eða oft. Það sem kom ekki vel út er að starfsfólk sé hvatt til að kynna sér skilgreiningu á leiknum. Einnig má auka jákvæða umræðu um matinn í matartímum og fræða börnin um hollustu. Það má bæta aðgengi að skapandi efnivið inni og úti að mati nokkra deilda. Einnig þurfum við að bæta kynningu á heilsustefnunni til foreldra. Aðrir þættir komu vel út.

Matslistar um sköpun og menningu

Það er aðeins ein deild sem er með börn innan við tveggja ára. Þar voru allir þættir mjög jákvæðir fyrir utan það að hlusta á þögnina og ræða við þau lykt, liti, form og áferð matarins. Aðstaðan í skólanum til að mæta þörfum þeirra varðandi sköpun og menningu er til staðar.

Það eru fjórar deildir sem eru með þriggja til fjögurra ára börn, þar var ábótavant á öllum deildum nema einni að börnin tjái sig um verk sín og rifji upp ferli þeirra. Það kom fram hjá flestum að við erum ekki að fjalla nægjanlega um mismunandi menningu þjóða og ólík tungumál. Eins erum við ekki að kynna okkur matarhefðir frá öðrum löndum. Einnig þarf að bæta að veita veita umhverfinu meiri athygli, loka augunum og ímynda sér og fleira. Annars voru allir þætti mjög jákvæðir. Tvær deildir voru með fimm ára börn. Þar vantar upp á að vinna

meira með tónlist, vinna frjálst með hljóðfæri og aðra hljóðgjafa. Einnig þarf að leyfa meiri frjálsa sköpun út frá þeirra upplifun í leiklist, tónlist og fleiru.

Allir starfsmenn eru ábyrgir fyrir öllum þáttum á öllum deildum.

Aðlögun milli deilda

Í ár var send út stutt rafræn könnun til foreldra 25 barna sem voru að færast af yngri gangi yfir á þann eldri. Báðir foreldrar allra barnanna fengu sendar spurningarnar og voru 29 sem svöruðu.

Það voru 58,62% eða 17 sem svöruðu að aðlögun hefði gengið mjög vel, 13,03% eða 4 sem svöruðu góð og 10,34% eða 3 sem svöruðu hvorki né.

Það var ein opin spurning þar sem foreldrum gafst kostur á að koma með aðrar ábendingar.

Þar kom fram að gott væri að mönnun á deildinni væri tilbúin að vori fyrir n.k. vetur, að það þyrfti að kynna kennarana persónulega fyrir foreldrum. Einnig fannst einu foreldri að þetta mætti taka lengri tíma og of lítil kynning. Annars voru aðrir mjög sáttir.

Starfsmannakönnun var framkvæmd af skólapúlsinum

Starfsmannakönnun var framkvæmd í mars 2020 og fengu starfsmenn leikskólans hana senda á netfang sitt og svöruðu 39 af 43. Svarhlutfall var því 90.7%. Þeir þættir sem verið var að kanna voru starfið, starfsmenn, vinnustaðurinn, stjórnun, uppeldi og menntun, símenntun og undirbúningstími. Að lokum voru opnar spurningar sem okkur fundust mjög góðar.

Spurningarnar fjalla um líðan í starfi, starfsanda, daglegt starf, samskipti við barnahópinn, starfshætti í leikskólanum, samskipti við foreldra, samskipti innan leikskólans, starfsþróun og símenntun starfsmanna. Niðurstaðan er sú að starfsandi er góður og líðan í starfi væri góð. Eins kemur fram að kennarar þurfa að gefa sér tíma fyrir símenntun þar sem hún sé mjög mikilvæg. Því má segja að allt hafi komið vel út úr þessum þáttum.

Opna spurningin er einna mikilvægust fyrir okkur en hún er: Hvað finnst þér gott við vinnustaðinn þinn? Almennt kemur í ljós að vinnustaðurinn sé góður, góð samvinna milli deilda, góður andi í húsinu. Starfsmenn telja almennt að gott samband sé við æðstu stjórnendur og þeir vilji allt gera fyrir sitt fólk. Starfsmönnum finnst að mikil þróun sé í gangi og margt spennandi fram undan. Fólki finnst gott að hafa sveigjanlegan vinnutíma og gaman að kynnast nýju fólki.

Auðvitað er alltaf eitthvað sem má betur fara og koma athugasemdir varðandi það. Einhverjum starfsmönnum finnst að þeir fái verkefni sem þeir ráða ekki við og einhverjum finnst að þeir leysi verkefnin ekki rétt. Úr opnu spurningunum fram mjög góðar ábendingar en þar kemur fram að meira mætti vera af skipulögðu starfi inni á deild, samskipti mættu vera afslappaðri milli starfsmanna og alltaf sé hægt að finna lausn á málum á rólegan hátt. Samvinna mætti vera meiri, muna að tala við en ekki um. Starfsmönnum finnst vanta nýbreytni í símenntunina og meiri styrki frá stéttarfélaginu sínu. Að lokum segir að þegar það er verið að breyta einhverju þá þurfi að skoða það betur og hafa meiri eftirfylgni af hálfu deildastjóra.

Mat barnanna

Allir nemendur skólans gerðu mat á skólastarfinu, en að þessu sinni þá breyttum við matinu fyrir tvo elstu árgangana. Þau fengu aðeins flóknari spurningar eins og: Hvað hefur þú lært í leikskólanum og hvað er að vera góður vinur, eins voru þau spurð hvað kennararnir gera. Það voru oft skemmtileg svör en að þeirra mati þá stjórna kennararnir öllu, skamma, sitja og tala saman. Þeir kenna okkur að klippa og læra að lita og eins kenna þeir okkur að vera góð.

Það var mjög misjafnt hvað þau hafa lært í leikskólanum alveg frá því að lita til í að þekkja stafina yfir í að læra róla. Það vantar ekki metnaðinn þegar kemur að því hvað þau ætla að verða þegar þau verða stór: Höfrungatemjari, listamaður, prinsessa og síðast en ekki síst kom upp að vinna í leikskóla.

Á yngri gangi finnst þeim skemmtilegast að fara í íþróttasalinn og leika úti. Lögin sem komu oft fram var Gulur, rauður og svo Daði.

Fiskur efst á lista sem besti maturinn en hakk og spaghetí kom þó upp.

Sérkennsla

Í vetur hafa 106 börn stundað nám í leikskólanum. Þar af eru 60 börn sem hafa fengið einhvers konar sérkennslu. Um var að ræða ýmis konar frávík, t.d. málþroska, hegðunarvanda og félagsfærni. Níu börn fengu einstaklingskennslu og var unnið eftir einstaklingsáætlun í samráði við teymi barnsins.

Öryggismál

Árið 2019 slösuðust 9 börn í leikskólanum Fífusölum (8 drengir og 1 stúlka). Af þessum slysum voru 5 inni og 4 úti í garði. Um var að ræða fall, högg, skrámur og tannslýs.

Einnig slösuðust 3 kennarar á árinu 2019, þar af var 1 tannslýs og 2 föll.

Viðhald

Margs konar viðhald var framkvæmt á árinu bæði úti og inni. Þar ber hæst að nefna að ný loftræsting kom á yngri gang sem gjörbreytir loftinu þar. Bæði á gangi og á deildum. Í kjölfarið á því voru settir upp fataskápar í fataherbergi á yngri gangi og fataherbergi innréttað.

Í ágúst 2019 fengum við úthlutaða útikennslustofu sem komið var fyrir inn á lóðinni okkar. Haldið var nafnasamkeppni meðal starfsmanna og vann nafnið Undraland. Þessi aðstaða hefur bætt starfið hjá okkur umtalsvert en nú fer öll einstaklingsþjálfun fram þar. Búið er að innrétta Undraland þannig að tvö börn geta unnið þar með sínum stuðningsfulltrúum í einu. En með því að flytja alla einstaklingsþjálfun þangað var hægt að færa málörvunarhópana inn í fundarherbergið auk þess sem minni röskun hefur verið á einstaklingsþjálfuninni. Eins eru fundir þar af og til ef ekkert annað rými er laust.

Hvíldardýnum var skipt út og einnig hluta af stólum leikskólans en við fengum bæði dýnurnar og tæplega 60 stóla að gjöf frá menntasviði Kópavogsbæjar.

Starfsáætlun / umbótaáætlun skólaárið 2020 – 2021

Skólastarfið

Skólastarfið verður með sama hætti og undanfarin ár. Þar má nefna skipulagða tíma í Smiðju, Leikvangi, vettvangsferðum og annað hópastarf innan deildanna. Lögð verður áhersla á börn á sama aldursári kynnist milli deilda.

Hefðir leikskólans verða á sínum stað, sjá skóladagatalið í viðauka 5.

Próunar- og nýbreytnistarf

Áhersla verður lögð á að vinna með Lubba inn á öllum deildum skólans. Einnig verður vináttu verkefni Barnaheilla um bangsann Blæ innleitt enn frekar í skólastarfið og byrja deildastjórar á að fara á námskeið.

Aukin þemavinna verður inn á deildunum næsta skólaár t.d. verður tannverndarvika og heilsuvikur með mismunandi áherslum.

Faglegt starf deildanna verður sýnilegra foreldrum með útgáfu mánaðarlegra námsáætlana sem sendar verða í tölvupósti til foreldra. Þetta mun einnig auðvelda ófaglærða starfsfólkinu okkar að taka virkan þátt í starfinu og auka ábyrgð þeirra.

Deildafundir verða haldnir einu sinni í viku til þess að auka fagmennsku og upplýsingaflæði til starfsmannanna.

Samsetning starfsmannahópsins

Leikskólaárið 2020 - 2021 verður samsetning starfsmannahópsins mjög svipuð og síðasta skólaár. Enn eru nokkrar breytur óljósar með ráðningar í haust.

Skipulagsdagar 2020 – 2021

Skipulagsdagar verða sex á skólaárinu og þeir nýttir til að efla fagþekkingu, skipulag og í hópefli.

18. september - Þá verður námskeið fyrir börn með hegðunarerfiðleika og ADHD sem Ásdís Emelía Gunnlaugsdóttir verður með. Verklagsreglur og ársáætlun kynntar. Auk þess verður hópefli í lok dags.

26. eða 27. október - Þá verður væntanlega fyrirlestur um leikinn og farið yfir umbótaáætlun leikskólans.

19. nóvember - Þá kemur Vigdís Guðmundsdóttir með fyrirlestur um einelti á vinnustað. Þá verður líka farið yfir ýmsa verkferla og fleira.

4. janúar - Skyndihjálparnámskeið og fundir.

17. mars - Unnið í endurgerð á námsskrá leikskólans

14. maí - Endurmat á skólaárinu sumarstarfið, ýmsir matslistar unnir

Fundir

Það hefur verið ákveðið að hafa deildarfund á hverri deild 1x í viku á næsta skólaári. Fundinn

verður tími sem hentar hverri deild og deildirnar á ganginum leysa þá fundi.

Þátttaka í rannsóknum

Reiknað er með að Pneumókokka rannsóknin verði gerð hér á næsta skólaári eins og undanfarin ár.

Umbótaáætlun sérkennslu

Nýr sérkennslustjóri tekur við eftir sumarfrí.

Nýr starfsmaður tekur við málörvunarhópum og verður spennandi að sjá hennar áherslur í þeim efnum. Lubbi mun án efa vera meira notaður þetta skólaárið í málörvunarhópum og þannig er hægt að samblanda betur því sem þar fer fram og starfinu inn á deild.

Haldið verður áfram að leita leiða til að auðvelda fundi fyrir þá starfsmenn sem sinna sérkennslunni og sérkennslustjórans. Þessir fundir eru mikilvægir til þess að miðla upplýsinga sín á milli og nýta alla þá þekkingu sem er að finna innan húss.

Nemar

Veturinn 2020-2021 verður einn starfsmaður leikskólans í M.Ed námi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Umbótaáætlun vegna mats á sl. starfsári

Sjá í viðauka

Lokaorð

Þar sem leikskólastjóri var því miður í veikindaleyfi stóran hluta af síðasta skólasári ákváðum við Elva aðstoðarstjóri að setjast niður og skrifa lokaorðin saman í ár.

Af mati á skólastarfi þá var mat barnanna það skemmtilegasta sem við lásum. Þau segja frá öllu í svo mikilli einlægni að það er yndislegt. Mikill áhugi myndaðist af námsefni sem heiti Lubbi finnur málbein og allir starfsmenn fóru á námskeið í vor. Það verður innleitt á öllum deildum skólaárið 2020- 2021.

Skólastarfið var “fordæmalaust” eins og Elva segir veikindi stjóra, verkfall, covid-19 og aftur verkfall. Þrátt allt þetta er starfsfólk og ekki síst við stjórnendur þakklátir fyrir frábært samstarf við foreldra, sem stóðu eins og hetjur við bakið á okkur á þessum tímum.

Eins langar Elvu að þakka öllu starfsfólki skólans fyrir gott samstarf og þolinmæði við sig þar sem hún stóð vaktina stóran part skólaársins.

Starfsmenn, börn og fjölskyldur komu misvel undan vetri og vonum við að allir njóti sumarleyfis innanlands í ár. Hlökkum mikið til næsta skólaárs og fáum við liðsauka með nýjum aðstoðarstjóra sem heitir Birna Bjarkardóttir.

Kópavogur, 3. júlí 2020

Erla Stefanía Magnúsdóttir, leikskólastjóri
Elva Árnadóttir, aðstoðarskólastjóri.

Umsögn foreldraráðs

„Foreldraráð Fífusala hefur farið yfir starfsáætlun heilsuleikskólans Fífusala fyrir árið 2020-2021. Foreldraráðið lýsir yfir mikilli ánægju með starfsáætlunina og samþykkir hana.

Eftir fordæmalausan vetur með verkföllum og COVID-19 er mikil tilhlökkun hjá öllum að takast á við það sem við vonumst til að verði venjulegt skólaár næsta vetur. Ljóst er að allt starfsfólkið stóð sig eins og hetjur í gengum þessa erfiðu tíma.


Ánægjulegt er að sjá að sérstök áhersla verði lögð á að vinna með Lubba inn á öllum deildum leikskólans og einnig verður vináttuverkefni Barnaheilla innleitt enn frekar í skólastarfið. Aukin þemavinna verður inn á deildum næsta skólaár svo sem tannverndarvika og heilsuvika. Einnig er ánægjulegt að sjá að faglegt starf verði sýnilegra foreldrum með útgáfu mánaðarlegra námsáætlana. Einnig er gott að sjá að það góða samstarf sem hefur verið á milli leikskólans, Salaskóla, Salalaugar, Gerplu og fleiri aðila muni halda áfram næsta vetur.

Það er ljóst að stjórnendur Fífusala eru metnaðarfullir og endurspeglast það í starfsáætluninni.

Fyrir hönd foreldraráðs Fífusala“

Sigurtaug hinga Ólafsdóttir

Viðauki 1 - yngri deildir



Ég heiti _____

Hvað heitir leikskólinn minn

Hvað er skemmtilegast að gera í leikskólanum


Hvað er uppáhalds lagið þitt

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í samverustundinni

Hvað heita vinir þínir

Hvað er besti maturinn í leikskólanum

Viðauki 2 - eldri deildir



Ég heiti _____

Hvað er skemmtilegast að gera í
leikskólanum _____

Hvað lærir þú í
leikskólanum _____

Hvað gera
kennararnir _____

Hverjir eru vinir
þínir _____

Hvað er að vera góður
vinur _____

Hvað ætlar þú að vera þegar þú verður
stór _____

Umbótaráætlun Heilsuleikskólans Fífusala 2020 - 2021

	Matsþáttur	Tækifæri til úrbóta	Umbætur	Ábyrgðaraðilar	Tímarammi	Hvernig metið
Niðurstöður starfsmanna úr spurningum sem stjórnendur lögðu fyrir að vori 2020 varðandi eigið starf	Færri börn í fataherbergi á eldri gangi	Skoða fataherbergi á eldri gangi áður en að farið að klæða sig.	Umræða innan deildar. Samvinna milli deilda um það hvenær farið er í fataherbergi	Deildastjórar	Alltaf	Með könnun frá starfsfólki
	Bæta virkni starfsfólks í útiveru	Skipta garðinum upp í 4 svæði, hver deild á sitt svæði	Kynnt á skipulagsdegi í haust	Allir ábyrgir að vera meðvitaðir um sitt svæði	Haustið 2020	Í umræðum á deildafundum
	Ýta undir jákvæðni varðandi matartíma	Tala á jákvæðum nótum um matinn, hollustu og þess háttar	Hver og einn skoðar sjálfan sig	Þeir sem borða með börnunum	Alltaf	Rætt á deildafundum / skipulagsdögum
	Hvetja til vatnsdrykkju	Vera með vatn í boði á deildum og brúsar þar sem það er í boði	Þjóða upp á vatn daglega	Allir	Alltaf	Rætt á deildafundum / skipulagsdögum
	Hvetja börnin til að smakka allan mat	Tala á jákvæðum nótum um matinn, hollustu og þess háttar	Hver og einn skoðar sjálfan sig	Þeir sem borða með börnunum	Alltaf	Rætt á deildafundum / skipulagsdögum
	Finna leiki og auka við hreyfingu í útiveru	Sú deild sem á útieftirlitið setur leik af stað 2-3 í viku yfir vikuna	Fara eftir skipulagi	Þeir sem eiga útieftirlitið	Alltaf	Rætt á deildafundum / skipulagsdögum
	Fara í fleiri vettvangsferðir	Hver deild skipuleggur 1x í viku vettvangsferð.	Fara eftir skipulagi	Allir eiga ábyrgð að komast af stað	Alltaf	Rætt á deildafundum

	Vinna meira með erfiðar tilfinningar barna	Vinna með Blæ og fyrirlestur um erfiða hegðun. Tilfinningaspjöld	Vinna markvisst með Blæ	Allir	Haust 2020	Rætt á deildafundum
	Skipulagsleysi kennara	Gott dagskipulag og vikuskipulag,	Að hver og einn þekki sitt hlutverk þann daginn	Deildastjórar	Haust 2020	Með könnun næsta vor
	Kenna börnum að vera vinir	Markvissar Blæstundir og góðar fyrirmyndir frá kennurum	Vinna markvisst með Blæ	Deildastjórar	Haust 2020	Rætt á deildafundum
Niðurstöður úr gátlista Heilsustefnunnar	Vantar að kynna sér skilgreiningu á leiknum	Fyrirlestur um leikinn - greinar til að lesa	Setja niður skilgreiningu um hugmyndafræði leiksins í svörtu bókina	Deildastjórar	Haust 2020	Umræða á deildafundi
	Bæta aðgengi að skapandi efnivið, bæði inni og úti	Koma af stað drullumalla svæði úti og hver deild útbýr sér kassa með verðlausum efnivið	Finna til efniviðinn og klára svæðið	Deildastjórar	Haust 2020	Rætt á deildarfundum
	Kynning á Heilsustefnunni fyrir foreldra	Fyrirlestur um Heilsustefnuna	Aðalfundur foreldrafélagsins haust 2020	Erla Stefanía	Haust 2020	Aðalfundur foreldrafélagsins
Niðurstöður úr könnun um aðlögun milli deilda	Kynna kennara persónulega fyrir foreldrum	Kynning á starfsfólki	Senda póst og kynna starfsfólk deildarinnar og óska eftir staðfestingu á póstinum	Deildastjórar	Þegar aðlögun byrjar	Metið í könnun næsta vor
	Kynna betur fyrir foreldrum hvernig aðlögun fer fram	Kynna aðlögun milli deilda	Setja á heimasíðuna og senda það á foreldra þegar nær dregur	Deildastjórar	Áður en aðlögun hefst milli deilda	Metið í könnun næsta vor

Matslistar um sköpun og menningu	Hlusta á þögnina og ræða við börnin um lykt	Nýta hópastarf og vettvangsferðir	Starfsfólk sé meðvitað og grípi tækifærin þegar þau gerast	Allir starfsmenn	Skólaárið 2020 - 2021	Metið í gátlista næsta vor
	Ræða form og áferð matarins	Nýta matartíma og ávaxtastundir	Starfsfólk sé meðvitað og grípi tækifærin þegar þau gerast	Allir starfsmenn	Skólaárið 2020 - 2021	Metið í gátlista næsta vor
	Að börnin tjái sig um verk sín og rifji upp ferli þeirra	Virkja fagstjóra í Listasmiðju með í þetta. Eins hvetja börnin til að tjá sig þegar þau koma með verk inn á deild	Starfsfólk sé meðvitað og grípi tækifærin þegar þau gerast	Allir starfsmenn	Skólaárið 2020 - 2021	Metið í gátlista næsta vor
	Fjalla um mismunandi menningu þjóða t.t. Ólík tungumál, matarhefðir og fleira	Ræða við börnin um mismunandi daga og mismunandi menningu	Settir verða inn dagar sem tilheyrandi mismunandi þjóðum og matur þess eðlis. Fá foreldra til að vera þáttakendur í verkefninu með okkur	Stjórnendateymið	Skólaárið 2020 - 2021	Metið í gátlista næsta vor
	Að veita umhverfinu athygli, loka augum og ímynda sér	Nýta vettvangsferðir, útiveru og hvíldina	Starfsfólk sé meðvitað og grípi tækifærin þegar þau gerast	Allir starfsmenn	Skólaárið 2020 - 2021	Metið í gátlista næsta vor
	Vinna meira með tónlist, frjálst, með hljóðfæri og með aðra hljóðgjafa	Hljóðfæri gerð aðgengilegri fyrir alla	Vagninn kominn í matsalinn	Allir starfsmenn	Skólaárið 2020 - 2021	Metið í gátlista næsta vor

	Vantar frjálsa sköpun eftir þeirra upplifun í leiklist og tónlist	Það er búið að ráða nýjan kennara sem ætlar að taka börnin í tíma leiklist og tónlist	Sett inn í dagskipulag	Allir starfsmenn	Skólaárið 2020 - 2021	Metið í gátslista næsta vor
Starfsmannakönnun framkvæmd af skólapúlsinum	Að starfsmenn fái verkefni við hæfi	Ræða á fyrsta deildafundi á hausti áhugasvið starfsmanna,	Hafa skýrt plan	Deildastjórar	Skólaárið 2020 - 2021	Send út könnun til starfsmanna næsta vor
	Meira af skipulögðu starfi inni á deild	Finna tíma fyrir hópastarf	Hafa skýrt plan og ákveðið hlutverk fyrir alla starfsmenn	Deildastjórar	Skólaárið 2020 - 2021	Send út könnun til starfsmanna næsta vor
	Samskipti mættu vera afslappaðri meðal starfsmanna	Bæta samskipti, sýna þolinmæði og umburðarlyndi	Grípa tækifærið, rýna í sjálfan sig	Allir stjórnendur	Skólaárið 2020 - 2021	Send út könnun til starfsmanna næsta vor
	Finna lausn á málum á rólegan hátt	Bæta samskipti, sýna þolinmæði og umburðarlyndi	Taka ábyrgð á eigin samskiptum og viðbrögðum	Allir stjórnendur	Skólaárið 2020 - 2021	Send út könnun til starfsmanna næsta vor
	Meiri samvinna	Að fólk hafi yfirsýn út fyrir sína deild, bjóði aðstoð og biðji um aðstoð ef þarf	Taka ábyrgð á öllu húsinu, við erum ein heild	Allir starfsmenn	Skólaárið 2020 - 2021	Send út könnun til starfsmanna næsta vor
	Kurteisi milli deildastjóra og kennara	Bæta samskipti, sýna þolinmæði og umburðarlyndi, hugsa áður en maður talar	Sýna virðingu og jákvæð samskipti	Allir starfsmenn	Skólaárið 2020 - 2021	Send út könnun til starfsmanna næsta vor
	Nýbreytni í símenntun	Hver og einn ber ábyrgð á sinni símenntun	Sækjast eftir námskeiðum og skrá niður hvað þú lærðir	Allir starfsmenn	Skólaárið 2020 - 2021	Send út könnun til starfsmanna næsta vor
	Koma fram við börn með sérþarfir af meiri virðingu	Bæta samskipti, sýna þolinmæði og umburðarlyndi	Taka ábyrgð á eigin samskiptum og viðbrögðum	Allir starfsmenn	Skólaárið 2020 - 2021	Send út könnun til starfsmanna næsta vor

	Allir starfsmenn deildar sinni börnum með sérþarfir	Ræða reglulega á deildafundum	Taka ábyrgð á eigin vinnu	Allir starfsmenn	Skólaárið 2020 - 2021	Send út könnun til starfsmanna næsta vor
	Meiri eftirfylgni eftir breytingar af hálfu deildastjóra	Á vikulegum deildafundum verður farið yfir þær breytingar sem eiga sér stað	Taka ábyrgð á eigin vinnu	Allir starfsmenn	Skólaárið 2020 - 2021	Send út könnun til starfsmanna næsta vor
Mat barnanna	Að kennararnir séu betri fyrirmyndir	Að allir líti í eigin barm og ígrundi sín störf	Taka ábyrgð á eigin vinnu	Allir starfsmenn	Skólaárið 2020 - 2021	Metið í mati barna næsta vor

Símenntunaráætlun fyrir starfsfólk Heilsuleikskólans Fífusala skólaárið 2020 - 2021

Þátttakendur	Lýsing á námskeiði	Markmið	Dagsetning	Tímafjöldi	Kostnaður	Ábyrgð
Allt starfsfólk	Deildafundur	Upplýsingagjöf, fræðsla og fleira	Allt skólaárið	1x í viku	Unnið í vinnutíma	Deildastjórar / Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Starfsmannasamtöl	Til að gefa starfsmanninum tækifæri til að skoða sjálfan sig í stafi og að gefa þeim tækifæri til að koma með ábendingar til stjórnenda um starf leikskólans	Vor 2021	30 mín pr. Starfsmann	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri
Nýtt starfsfólk	Nýliðafræðsla	Farið yfir starfsmannahandbókina	1x mánuði	ca 45 mín í hvort skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri og mentor
Allt starfsfólk	Samráð, fræðsla, endurmat	Yfirfara starfsáætlun, stefnur og öryggisþætti	1x á önn	2 tímar= 4 tímar eftir vinnu. Starfsmannafundur	Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri
Fagfólk	Fagfundir	Fræðilegar umræður og stefnumótavinna,	1 x á önn	3 tímar x2 = 6 tímar	Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Námskeið fyrir börn með hegðunarerfiðleika og ADHD, verklagsreglur og ársáætlun kynntar. Hópefli í lok dags	18. september	8 tímar	Unnið á vinnutíma, starfsmaður menntasvið	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Aðalfundur foreldrafélagsins	Kynning á Heilsustefnu og næringarfræðingur	29. september	2 tímar	50.000 - 100.000 kr	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Fyrirlestur um leikinn ?? Farið umbótaráætlun fyrir skólaárið	26. eða 27. október	8 tímar	óvíst	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Fyrirlestur um einelti á vinnustað og námskeið í sköpun og leiklist	19. nóvember	8 tímar	Unnið á vinnutíma, starfsmaður menntasvið	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Indihjálparnámskeið, fundir og farið yfir umbótaráæ	2. janúar	8 tímar	Unnið í vinnutíma - námskeið tæplega 100.000	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Unnið í endurgerð námskrá Heilsuleikskólans	17. mars	8 tímar	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Endurmat á skólaárinu, ýmsir matslistar unnir	14. maí	8 tímar	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri
Deildastjórar	Deildastjórafundir	Skapa umræður um starfið og samstilling stjórnendateymis	1x í viku	2 klst hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Starfsfólk í stuðningi	Samráðsfundir með sérkennslustjóra	Umræður um starfið sem og fræðsla frá sérkennslustjóra tengd starfinu	1x í mánuði	60 mín hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Sérkennslustjóri og Leikskólastjóri